

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Erlingur Steingrímsson og Guðmundur Vilhjálmsson, greiði in solidum stefnanda, Mjólkursamsölnni í Reykjavík, kr. 103.145,29 með 4% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 17.802,21 frá 1. apríl 1985 til 1. maí 1985, af kr. 42.161,68 frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum af kr. 69.686,22 frá þeim degi til 1. júlí 1985 og með 3,5% dráttarvöxtum af kr. 103.145,29 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.233,00 vegna eldri dráttarvaxtaskulda og kr. 35.000,00 í málskostnað.

Nr. 73/1986. Miðvikudaginn 1. apríl 1987
Guðmundur Víðir Vilhjálmsson
 (Þórólfur Kr. Beck hrl.)
 gegn
Osta- og smjörsoleunni s/f
 (Ólafur Axelsson hrl.)
 og **Erlingi Steingrímssyni**

Áskorunarmál. Máli að hluta vísað frá Hæstarétti. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi hefur að fengnum áfrýjunarleyfum 3. febrúar 1986 skotið til Hæstaréttar með stefnu 27. s.m. áritun á áskorunarstefnu 20. maí 1985 og fjárnámsgerð sem fram fór í fógetarétti Garða-kaupstaðar 14. júní 1985. Hann krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá héraðsdómi en til vara að hann verði sýknaður af kröfum stefnda Osta- og smjörsoleunnar s/f. Þá krefst hann þess að fjárnámsgerðin verði felld úr gildi. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda Osta- og smjörsoleunnar s/f. Á hendur stefnda Erlingi Steingrímssyni gerir hann engar kröfur, og ber að vísa málinu frá Hæstarétti að því er hann varðar.

Með áskorunarstefnu 28. mars 1985 höfðaði stefndi Osta- og smjörösalan s/f mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur áfrýjanda og stefnda Erlingi og sótti þá persónulega og fyrir hönd Finnsbúðar, nnr. 5579-4995, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð 91.286,80 krónur ásamt 19% ársvöxtum af 45.974,70 krónum frá 1. september 1984 til 1. október s.á., en af 91.286,80 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á. og 39% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krafðist hann málskostnaðar.

Málið var þingfest 9. maí og það tekið til áritunar, þar sem þing var eigi sótt af hálfu stefndu. Málinu var síðan lokið 20. maí með því að dómarrinn, Georg Lárússon fulltrúi, áritaði stefnuna á þessa leið:

„Stefnukröfur máls þessa og kr. 13.600,00 í málskostnað eru aðfararhæfar að liðnum 7 sólarhringum frá dagsetningu áritunar þessarar.“

Að kröfu stefnda Osta- og smjörösalunnar s/f var 14. júní 1986 gert fjárnám samkvæmt dómsígildi þessu í húseigninni Asparlundi 8 í Garðakaupstað.

Stefndi Osta- og smjörösalan s/f krefst staðfestingar á stefnu-árituninni og á hinni áfrýjuðu fjárnámssgerð, svo og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndi Erlingur Steingrímsson hefur eigi sótt þing fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi styður frávísunarkröfu sína þeim rökum að eigi hafi mátt reka mál þetta sem áskorunarmál.

Mál þetta var höfðað til heimtu peningaskuidar er stafaði af lausafjárkaupum sem stefnda Osta- og smjörösalan s/f hafði efnt af sinni hálfu. Er það því réttilega höfðað sem áskorunarmál. Eru heldur eigi að öðru leyti efni til að ómerkja áritunina og vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Áfrýjandi sótti ekki þing í héraði og var honum þó löglega stefnt. Útivist sína skýrir hann þannig að meðstefndi Erlingur hafi tekið að sér að annast varnir fyrir héraðsdómi, en sem fyrr greinir sótti hann heldur ekki þing. Þykir þannig ekki hafa verið afsakanlegt að áfrýjandi hafði ekki uppi málsástæður sínar og kröfur í héraði og verður þeim því eigi komið að fyrir Hæstarétti skv. 45. gr. laga nr.

75/1983, sbr. einnig 98. gr. laga nr. 85/1936. Verður málið dæmt í því horfi er það lá fyrir héraðsdómara.

Í málinu í héraði lágu fyrir reikningar frá Osta- og smjörslunni s/f til Finnsbúðar fyrir vöruúttektum og eru þeir í samræmi við stefnukröfu. Einnig var lagður fram samningur er sýnir að áfrýjandi og stefndi Erlingur keyptu Finnsbúð í félagi 18. maí 1984. Ber að staðfesta hina áfrýjuðu dómsáritun að því er áfrýjanda varðar. Ennfremur ber að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámssgerð, enda er því eigi haldið fram að á henni hafi verið neinir sérstakir annmarkar.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda Osta- og smjörslunni s/f 32.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti að því er varðar stefnda Erling Steingrímsson.

Hin áfrýjaða stefnuáritun á að vera óröskuð að því er áfrýjanda, Guðmund Víði Vilhjálmsson, varðar, svo og hin áfrýjaða fjárnámssgerð.

Áfrýjandi greiði stefnda, Osta- og smjörslunni s/f, 32.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámssgerð fógetaréttar Garðakaupstaðar 14. júní 1985.

Ár 1985 föstudaginn 14.6. er fógetaréttur Garðakaupstaðar settur að Asparlundi 8 og haldinn með undirrituðum vottum af Rúnari S. Gíslasyni ftr. Fyrir er tekið fógetamálið 1274/1985 Osta- og smjörslan sf. gegn Guðmundi Vilhjálmsyni.

Fógeti leggur fram nr. 1. gerðarbeiðni og nr. 2 aðfararhæfa áskorunarstefnu.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Ólafur Axelsson hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 91.286,50 með 19% ársvöxtum af kr. 45.974,70 frá 1.9.1984 til 1.10.1984, en af kr. 91.286,80 frá þ.d. til 1.1.1985, með 32% ársv. frá þ.d. til 1.2.1985 og með 39% ársv. frá þ.d. til greiðsludags, kr. 950,- f/ritun gerðarbeiðni, kr. 13.600,- í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir Guðmundur Sigurjónsson að tilhlutan fógeta.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, fasteignina Asparlundur nr. 8, Garðakaupstað.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólög-lærður og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Fimmtudaginn 2. apríl 1987.

Nr. 334/1986.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Birni Einarssyni

(Guðmundur Markússon hrl.)

Sýknað af ákæru um fjárdrátt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftaon og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. desember 1986 til sakfellingar samkvæmt ákæru og refsíákvörðunar.

Telja verður að launagreiðanda, ákærða, hafi verið óskyldt að halda eftir við útborgun launa starfsmannanna, Ragnars Einarssonar og Finns Guðsteinssonar, fé til greiðslu opinberra gjalda þeirra meðan ekki lá fyrir krafa þar til bærs aðila, í þessu tilviki Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Í málinu er ekki sýnt fram á að svo hafi verið.

Í héraðsdómi er réttilega greint, að Ragnar Einarsson tók sjálfur þá ákvörðun að útbúa kvittanir fyrir frádrætti af launum sínum upp